

## Fundur í stjórn Þyts 9. okt. 2017

Mættir: Gunnar Freyr, Pétur, Árni Geir, Jóhann og Árni Þór sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Ábendingar. Tvær ábendingar hafa borist. Ein um „hiking“ æfingartæki og önnur (frá JMP) um að setja upp leiðbeiningar um frágang búnaðar eftir notkun. Ákveðið að kaupa 4 æfingartæki sem minnst er á í fyrri tillögu og seinni tillagan sett í vinnslu.
3. Gunnar Freyr ræddi fyrri ákvörðun stjórnar varðandi nýju Optimist bátana. Málið rætt og ákveðið að nota nýju bátana við æfingar til þrúfu. Stjórnun notkunar verði í höndum þjálfara.
4. Breyttar aðstæður formanns. Formaður ræddi ýmis atriði í atvinnu- og einkalífi sem hafa haft truflandi áhrif á starf hans sem formanns klúbbsins. Hann óskaði eftir að fá leyfi frá formennsku klúbbsins fram að aðalfundi og fór fram á að Gunnar Freyr, varaformaður, fylli hans skarð. Gunnar Freyr staðfesti að hann væri reiðubúinn til að takast á við framangreint verkefni. Stjórn samþykkir beiðni formanns.
5. Ársskýrsla. Ársskýrsla síðasta aðalfundar er tilbúin og formaður hefur skilað henni til ÍBH ásamt ársreikningi 2016.
6. NORA. Ákveðið var að fara þess á leit við Sindra að hann keyri Excel skrár út úr NORA prógraminu varðandi meðlimaskrá og uppgjör frá Borgun. Fram kom í umræðum að Elísabet hjá ÍBH getur einnig prentað út fjárhagsupplýsingar.
7. Formaður tilkynnti að skýrsla um viðhaldsframkvæmdir er komin til tómsfundadeildar Hfj.
8. Formaður upplýsti að hillustoðir og hillur undir kayaka eru komnar upp. Einnig útskýrði hann innra skipulag gámsins.
9. Formaður upplýsti að búið sé að sníða niður hillustoðir á geymsluloft.
10. Formaður ræddi notkun skráningarbókar í anddyri.
11. Gjaldkeri fór yfir óinnheimt geymslugjöld. Ræddir voru geymslusamningar og gjaldtöku tengda þeim.
12. Samningar við umsjónarmann nýliðahóps og umsjón búnaðar. Formaður fór yfir ýmsa kostnaðarliði vegna búnaðar sem þegar liggur fyrir. Semja þarf við þjálfara um að hefja starf næsta árs í byrjun mars. Einnig að tilfinnanlega vantar lýsingu á geymslusvæði. Formaður bað um að bókað yrði að komið hefði fram á fundi með fulltrúa bæjarins að heimilt sé að senda reikning fyrir tvo starfsmenn vegna barnastarfs í maí 2018.
13. Formaður fór fram á heimild til að kaupa lása á kúluhengsli. Rædd voru framkvæmdaleg atriði varðandi lyklamál.
14. Undirbúningur næsta aðalfundar. Ákveða þarf tímasetningu og að ljúka öllum undirbúningsverkefnum.
15. Gjaldkeri greiddi frá að farið hefði verið yfir rafmagnsmál klúbbhúsnæðis og væru þau í viðunandi horfi. Hins vegar væru brunavarnamál í ólestri.